



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 19.10.2023 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - breyting á deiliskipulagi - Lambhagavegur 14 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. október 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna – Hallsvegur vegna lóðarinnar nr. 14 við Lambhagaveg, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Björn Axelsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú er SORPA að fara að opna nýja endurvinnslustöð að Lambhagavegi og er það af hinu góða. Ekki hafa fylgt neinar kostnaðartölur fyrir þessa stöð sem virðist vera mun veglegri en aðrar stöðvar sem SORPA starfrækir. Ekki kemur fram hversu miklu munar á því að byggja nýja stöð með þessu nýja lagi samanborið við þær sem eru með eldri hönnun eins og í Breiðhelli.

Helga Björk Laxdal
e.u.